

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga, Skilmannahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hafa hreppsnefndir Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps þann 4. mars 2004 samþykkt breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga, dagsett 3. desember 2002. Breytingin felst í nýrri veglínu að iðnaðarsvæðinu á Grundartanga og að Grundartangahöfn, á milli lóða Íslenska járnblendifélagsins og Norðuráls. Ný tenging kemur og hliðum fjölgar um eitt. Aðkoma að Norðuráli og bílastæði taka breytingum sem og tenging Norðuráls við Strandveg. Skilmálar svæðisins taka ekki breytingum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hvalfjarðarstrandarhreppi, 19. mars 2004.*

*Skilmannahreppi, 19. mars 2004.*

**Hallfreður Vilhjálmsson** oddviti.

**Sigurður Sverrir Jónsson** oddviti.

## SAMÞYKKT

### um afgreiðslur byggingarfulltrúans í Grundarfirði skv. 40. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Grundarfirði afgreiðir, án staðfestingar byggingarnefndar, mál skv. 2. gr. samþykktar þessarar, er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum nema þegar um er að ræða umsóknir um nýbyggingar, þ.m.t. viðbyggingar og fjölgun eignarhluta í íbúðarhúsum, gerð skipulagsáætlana og byggingarskilmála, úthlutun lóða, nafngiftir gatna og ákvarðanir um beitingu ákvæða skv. VI. kafla laganna.

#### 2. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að afgreiða:

1. Umsóknir vegna minni háttar mannvirkja, minni háttar breytinga á innra skipulagi og útliti húsa og eignaskipta.
2. Umsóknir vegna minni háttar breytinga sem verða á mannvirki í framkvæmd.
3. Umsóknir vegna breytinga á hæðarlegu lóða, uppsetningar girðinga, gróðurs og frágangs lóða, staðsetningar gáma á atvinnulóðum, minni háttar skilta á mannvirkjum og lóðum og númerabreytinga húsa og lóða.
4. Yfirfærslu á staðbundnum réttindum iðnmeistara, sbr. gr. 37.2 í byggingarreglugerð nr. 441/1998.
5. Byggingarnefnd getur falið byggingarfulltrúa fullnaðarafgreiðslu teikninga sem liggja fyrir nefndinni en uppfylla ekki ákvæði byggingarreglugerðar um minni háttar atriði.